

Skýrsla um aðdraganda að umsókn um Grænfána

Umhverfisnefnd

Á haustönn 2006 var stofnuð umhverfisnefnd í Vatnasendaskóla með það að markmiði að sækja um Grænfána. Vinnuferlið hófst á því að á haustdögum 2006 gátu kennarar og starfsfólk skráð sig í teymi sem vann að umhverfismálum skólans. Í kjölfarið var þess farið á leit við foreldra að eitthvert þeirra gæfi kost á sér í setu í umhverfisteymi Vatnsendaskóla. Á vorönn vorum við komin með fulltrúa foreldra í teymið og þá kusu nemendur í 3. – 8. bekk tvo fulltrúa úr hverjum bekk til að sitja í teyminu en á þeim tíma voru nemendur í 8. bekk elstu nemendur skólans. Því má segja að á vordögum 2007 hafi umhverfisnefnd skólans verið fullskipuð. Tvisvar á hverri önn hafa verið fullskipaðir fundir hjá umhverfisteymi og fullorðnir fulltrúar hafa fundað oft. Á hverju hausti hafa orðið mannbreytingar í umhverfisteyminu en einstaka fulltrúar hafa þó setið þar frá upphafi.

Haustið 2006 tók umhverfisnefnd þá ákvörðun að skólinn sækti um að fara á græna grein hjá Landvernd. Fyrsta verkefnið sem ákveðið var að taka fyrir var að draga úr pappírspotkun í skólanum og skoða hvað væri hægt að endurnýta. Ákveðið var að leggja áherslu á að nemendur kæmu ekki með drykki í einnota umbúðum í skólann.

Mat á stöðu umhverfismála

Strax á haustönn 2006 var farið yfir gátlistann sem finna má á heimasíðu Landverndar og voru það fulltrúar umhverfisteymis skólans sem gerðu það. Á fyrsta fundi fullskipaðrar umhverfisnefndar var gátlistinn kynntur fyrir öllum nefndarmönnum og fengu nemendur í hendur þann hluta gátlistans sem heitir meðhöndlun á rusli. Nemendur áttu að ræða um efni listans við bekkjarfélaga sína og skila svo aftur til umhverfisnefndar. Á þessari önn var svo aftur farið yfir gátlistann og skoðað hverju við höfðum áorkað.

Áætlun

Ákveðið var að fyrsta skref í umhverfismálum skólans yrði að ná góðum tókum á pappírsflokun og að draga úr pappírspotkun. Einnig var ákveðið að lágmarka notkun einnota umbúða. Næsta skref verður að draga úr orkunotkun í skólanum eins og kostur er. Áætlað er að byrja það verkefni haustið 2009. Umhverfisnefnd tók ákvörðun um þessi markmið og voru þau síðan kynnt á starfsmannafundum þar sem samþykkt var að vinna að þessum markmiðum. Einnig voru markmiðin kynnt fyrir nemendum og foreldrum. Vel hefur gengið að ná markmiðunum sem sett voru sem fyrsta skref.

Vatnsendaskóli leggur sérstaka áherslu á náttúrufræðikennslu. Í því samhengi er útikennsla á stundaskrá allra nemenda skólans. Einnig er lögð rík áhersla á útivist og vettvangsferðir fyrst á haustin og á vorin. Yngstu nemendur eru þá í útiveru nálægt skólanum en eldri nemendur fara lengra í burtu. Skólinn hefur látið gera göngukort af gönguleiðum í nágrenni skólans.

Eftirlit og endurmat

Umhverfisnefnd hefur haft það hlutverk með höndum að vinna að framgangi umhverfisstefnu skólans. Meðal annars hefur hún farið yfir gátlistann og unnið í þeim málum sem þarfnast hafa úrbóta. Í skólanum er markvisst unnið í sjálfsmati og er ætlunin að umhverfismál verði metin reglulega á þeim vettvangi.

Fræðsla

Nemendur í umhverfisnefndinni hafa tekið virkan þátt í að fræða samnemendur sína um umhverfismál. Einn liður í því að gera þá meðvitaðri um endurvinnslu var heimsókn umhverfisnefndar í Sorpu á vorönn 2008. Nemendur í umhverfisnefnd hafa útbúið fræðsluspjöld og sett í allar stofur skólans. Einnig hafa þeir heimsótt bekki og haldið erindi um flokkun og endurnýtingu pappírs. Í öllu skólastarfi er lögð mikil áhersla á endurvinnslu. Sérgreinakennarar skólans leggja sérstaka áherslu á þann þátt í vinnu sinni með nemendum.

Þegar nemendur eru í vettvangsferðum á haustin og vorin er áhersla á ýmis konar fræðslu í tengslum við ferðirnar. Til dæmis fræðast yngri nemendur um fugla sem hafa aðsetur við Elliðavatn og eldri nemendur taka sýni úr lífríki vatnsins og greina. Á haustin hafa unglingarnir gengið frá skólanum að Kaldárseli við Helgafell og gist þar. Síðan hafa þeir komið heim í strætó daginn eftir. Í þessum ferðum kynnast nemendur vel náttúrunni í umhverfi skólans, læra að nota göngukort og kynnast helstu kennileitum á leiðinni. Þar að auki er þetta lífsleikni því í þessum ferðum eflist samkennd hópsins og nemendur kynnast betur.

Kynning á stefnunni

Á öllum kynningarfundum með foreldrum og nemendum er sérstaklega talað um umhverfisstefnu skólans. Kennarar senda foreldrum vikulegt fréttabréf og þar er umhverfisstefnan áréttuð af og til. Umhverfissáttmáli skólans hefur verið settur á heimasíðu skólans til kynningar fyrir foreldra.

Umhverfissáttmáli Vatnsendaskóla

Í Vatnsendaskóla er lögð áhersla á umhverfismál. Sérstök áhersla er á endurvinnslu, orkusparnað og náttúruvernd.

Í Vatnsendaskóla leggjum við áherslu á að bera virðingu fyrir:

- Umhverfi okkar
- Auðlindum okkar
- Náttúrunni í kringum okkur

Það gerum við með því að:

- Flokka pappír
- Draga úr pappírnotkun
- Draga úr notkun á einnota umbúðum
- Setja rusl í flokkunargáma eða sorptunnur
- Endurvinna eins og kostur er
- Endurnýta það sem hægt er
- Draga úr notkun rafmagns með því að slökkva ljós og á rafmagnstækjum
- Láta vatn ekki renna að óþörfu
- Gæta að hitastillingum á ofnum
- Ganga í skólann
- Nota almenningsamgöngutæki í skólann
- Hvetja til að drepið sé á vélum kyrrstæðra bíla
- Nýta nánasta umhverfi skólans til vettvangsferða
- Virða gróðurinn í umhverfi okkar

Næstu skref

Nú er markmið okkar að fá Grænfánann sem viðurkenningu á því að við höfum náð fyrsta skrefi á leið okkar að umhverfisvænum skóla. Eins og áður segir er fyrsta skref okkar pappírsflokkun og að draga úr pappírnotkun. Þegar því markmiði er náð munum við hefjast handa við að ná öðru skrefi sem er orkusparnaður.

Kópavogi 16. mars 2009

Birna Hugrún Bjarnardóttir
verkefnisstjóri

María Ásmundsdóttir
kennari